



Fundargerð

2. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar
haldinn á Courtyard by Marriot hóteli, Aðalgötu 60
19. september 2023, kl. 12:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Grétar I. Guðlaugsson, Guðmundur Björnsson, Hólmfríður Árnadóttir, Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, G. Hans Þórðarson verkefnastjóri frá OMR verkfræðistofu, Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Viggó Magnússon frá Arkís arkitektum, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir varaformaður bæjarráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Sigurður Garðarsson boðaði forföll og sat Harpa Björg Sævarsdóttir fundinn í hans stað.

* * *

1. Yfirferð verkefna - breytingar á hönnun Myllubakkaskóla (2021050174)

Viggó Magnússon frá Arkís arkitektum og Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, kynntu frumdrög að breytingum á hönnun Myllubakkaskóla. Niðurstaðan er að mikil hagræðing er samfara þessum breytingum m.a. lækkun kostnaðar, hagræðing í sjálfbærni sem og möguleiki á að opna inn í kennslustofur á meðan framkvæmdir við viðbyggingu standa yfir. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda um 150.

Stjórn Eignasjóðs samþykkir framkomnar teikningar.

2. Yfirferð verkefna - breyting á hönnun Holtaskóla (2022120120)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Viggó Magnússon frá Arkís arkitektum fóru yfir breytingu á hönnun Holtaskóla. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda um 70.

Stjórn Eignasjóðs samþykkir framlagðar teikningar af Holtaskóla.

3. Yfirferð verkefna - hönnun á nýframkvæmdum og uppþæslu Heiðarsels (2023090465)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Viggó Magnússon frá Arkís arkitektum kynntu fyrirhugaðar umbætur og viðbyggingar á leikskólanum Heiðarseli. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda um 25.

Stjórn Eignarsjóðs samþykkir framkomnar tillögur.

4. Fjármál - fjárflæði verkefna (2023090466)

Friðjón Einarsson, formaður stjórnar Eignasjóðs, fór yfir upplýsingar varðandi fjárhag sveitarfélagsins.

G. Hans Þórðarson verkefnastjóri frá OMR verkfræðistofu fór yfir kostnaðarmat vegna endurbóta á húsnæði Myllubakkaskóla, Holtaskóla, Njarðvíkurskóla, Heiðarsels og Garðasels.

5. Eignaumsýsla - starfslýsing húsumsjónarmanna (2023090467)

Ný starfslýsing fyrir umsjónarmenn fasteigna hjá Reykjanesbæ lögð fram.

Stjórn eignasjóðs samþykkir starfslýsinguna.

6. Eignaumsjón - nýtt verklag (2023090468)

Drög að nýju verklagi eignaumsýslu lögð fram.

Stjórn eignasjóðs samþykkir nýtt verklag eignaumsýslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.